

**Ed. 414. Frumvarp til laga [19. mál]**

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. mars.)

1. gr.

3. og 4. málslíður 1. tl. 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 27/1979, orðist svo:

Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa, barnaheimila og leikskóla megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundradshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hin ýmsu afhendingarstig þeirra húsa, sem um ræðir í 3. málslíð, og taka mið af því, að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.